



Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um Reykjavíkurflugvöll

Borgarfulltrúar Framsóknar leggja til að borgarstjórn samþykki að breyta Aðalskipulagi Reykjavíkur þannig að gert verði ráð fyrir rekstri Reykjavíkurflugvallar út gildistíma Aðalskipulagsins. Samhliða verði starfsleyfi flugvallarins framlengt til samræmis.

Greinargerð

Núverandi aðalskipulag kveður á um að flugvallarstarfsemi í Vatnsmýri verði lögð af á skipulagstímabilinu og að starfsemi flugvallar verði aðeins heimiluð til ársins 2032. Leit að annarri staðsetningu fyrir Reykjavíkurflugvöll hefur ekki borið árangur og verkefnið ófjármagnað og í raun á byrjunarreit. Ljóst er að flugvöllur mun ekki vera byggður í Hvassahrauni á meðan enn eru jarðhræringar á Reykjanesskaga og því mikilvægt að Aðalskipulag Reykjavíkur taki mið af þeirri staðreynd að flugvöllurinn mun verða í rekstri í Vatnsmýri til að minnsta kosti 2040.

Reykjavíkurflugvöllur gegnir lykilhlutverki í flugsamgöngum í landinu og þjónar innanlandsflugi, sjúkraflugi auk þess að vera varaflugvöllur fyrir millilandaflug. Þar fer einnig fram mikilvæg starfsemi á sviði einkaflugs, æfinga- og kennsluflugs auk þyrluflugs Landhelgisgæslunnar.

Framsókn telur mikilvægt að framlenging starfsleyfis fyrir Reykjavíkurflugvöll taki einnig til einkaflugs, æfinga- og kennsluflugs enda er ekki auðsótt að flytja þá starfsemi annað á meðan annar flugvöllur er ekki í sjónmáli. Framsókn er þeirrar skoðunar að nýtt starfsleyfi eigi ekki að heimila flug einkaþota enda hefur það valdið miklu ónæði fyrir íbúa og tekjur flugvallarins af þeirri starfsemi eru litlar. Þá er mikilvægt að finna þyrluflugi fyrir ferðamenn nýja staðsetningu. Áfram verði starfsemi Landhelgisgæslunnar tryggð enda brýnt að sjúkraþyrlur geti lent í nálægt við Landspítalann.

Í nýrri samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar birtast áform um að reisa nýja flugvallarbyggingu og hefja undirbúning og þarfagreiningu strax á næsta ári en meginþungi fjárútláta verður eftir 2030. Það liggur í hlutarins eðli að það er ekki sýn stjórnvalda að Reykjavíkurflugvöllur fari úr Vatnsmýri og ekki stendur til að byggja nýja flugstöð fyrir flugvöll sem ekki verður til staðar. Þess vegna er eðlilegt og nauðsynlegt að Reykjavíkurborg breyti aðalskipulagi sínu og framlengi starfsleyfi flugvallarins.